Sþ. **99. Tillaga til þingsályktunar** [67. mál]

um innflutning raftækja til heimilisnota.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að haga svo leyfisveitingum til innflutnings næstu fjögur ár, að til jafnaðar verði flutt inn ár hvert ekki minna en 1000 þvottavélar, ísskápar og hrærivélar til afnot á heimilum.

Greinargerð.

Konur eru lítið eitt fleiri en karlmenn hér á landi. Verksvið þeirra er fyrst og fremst á heimilunum. Vinna kvenna við dagleg störf er jafnnauðsynleg og engu auðveldari en störf karlmanna. Með heppilegum verkvélum við heimilisstörf er hægt að létta vinnubrögð kvenna engu minna en störf karla utan heimilis. Nú hefur stríðsgróða og erlendu lánsfé verið varið til margháttaðra vinnuvélakaupa vegna starfsemi karlmanna, utan húss, en svo að segja ekkert gert á sama tíma til að afla konum verksparandi vinnutækja. Þvert á móti eru heimilisvélar kvenna raunveruleg bannvara hin síðustu missiri og helzt fáanlegar á svörtum markaði.

Með tillögu þessari er stefnt að því, að hafin verði nýsköpun að því er snertir vinnuverkfæri kvenna í sambandi við aukna rafmagnsframleiðslu og jafnaður sá halli, sem er, án tilefnis, á aðstöðu kvenna og karla við dagleg störf í landinu.